

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 24. júlí 1979****um breytingu á tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 70/458/EBE og 70/457/EBE um markaðssetningu fóðurjurtafræja, sáðkorns og matjurtafræja og um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði****(79/692/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Tilteknum tilskipunum um markaðssetningu á fræi og fjölgunarefnis ber að breyta af ástæðum sem getið er hér á eftir.

Að því er varðar fóðurjurtafræ er rétt að slaka á ákveðnum skilyrðum um prófun fræja á þeim svæðum í bandalaginu þar sem mjög hagstæð vistfræðileg skilyrði eru trygging fyrir því að viðeigandi stöðlum bandalagsins sé fylgt.

Að því er varðar sáðkorn rúgs, sem notað er til fódurs, er rétt að slaka um tíma á stöðlum bandalagsins um sáðkorn rúgs til að vinna bug á tímabundnum erfiðleikum vegna þessarar vöru á tilteknum svæðum í bandalaginu.

Að því er varðar sáðkorn virðist sem nýprófaðar aðferðir til að draga úr áhrifum af áreitni skaðlegra lífvera réttlæti að veitt sé samþykki fyrir blöndum úr mismunandi afbrigðum sáðkorns, að því tilskildu að gerðar séu varúðarráðstafanir til að tryggja að slíkt hafi hvorki áhrif á gæði sáðkornsins né vörunnar í sinni endanlegu mynd.

Til að bæta þá tilhögun að hafa sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði er rétt að tiltekin ákvæði um samþykki fyrir stofnum í einstökum ríkjum, heiti stofnanna og skipti á upplýsingum milli aðildarríkjanna verði lögð að reglum sem í gildi eru á alþjóðavettvangi og að hertar verði reglur um frjálsa verslun, að því er varðar stofna, með fræ af stofnum sem samþykktir eru í mismunandi aðildarríkjum, að minnsta kosti þegar um tilteknar tegundir er að ræða.

Í ákvæðunum um markaðssetningu matjurtafræja og ákvæðunum um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði er kveðið á um að eftir 1. júlí 1977 geti aðildarríki ekki lengur staðfest innanlands jafngildi ráðstafana vegna stofna í þriðju löndum. Tilteknar ákvarðanir um jafngildi, sem

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 174, 21. 7. 1978, bls. 8.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 239, 9. 10. 1978, bls. 54.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 114, 7. 4. 1979, bls. 26.

teknar voru í bandalaginu, gengu ekki í gildi fyrr en 1. júlí 1978. Því ber að framlengja frestinn til að staðfesta jafngildi innanlands um eitt ár og taka þannig tillit til hefðbundinna viðskiptahátta sem hefur verið haldið við eftir 1. júlí 1977 meðan beðið var ákvarðana bandalagsins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Við 2. gr. tilskipunar ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/641/EBE ⁽²⁾, bætist eftirfarandi málsgrein:

„1.c Í samræmi við málsmæðferð 21. gr. má heimila aðildarríkjunum, að því er varðar framleiðslu tiltekins aðildarríkis, að beita ekki skilyrðinu í 1. lið B-hluta, 2. mgr. I. hluta, II. viðauka fyrir eina eða fleiri af viðkomandi tegundum ef gera má ráð fyrir, með hliðsjón af vistfræðilegum aðstæðum og fyrri reynslu, að stöðlum í 13. dálki í töflu í 2. mgr. I. hluta II. viðauka sé fylgt.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/641/EBE:

1. Við 2. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„1.c Fram til 30. júní 1982 má heimila aðildarríkjunum, í samræmi við málsmæðferð 21. gr., að leyfa markaðssetningu sáðkorns ákveðinna rúgafbrigða sem eru einkum ætluð til fóðurs og uppfylla ekki skilyrðin:

- í II. viðauka, að því er varðar spírunarhæfni,
- í 6. dálki, töflu A í 2. mgr. II. viðauka, að því er varðar stofnfræ.“

2. Við 13. gr. bætist eftirfarandi fyrsta málsgrein:

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 183, 19. 7. 1979, bls. 13.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

„1. Aðildarríkin mega heimila markaðssetningu sáðkorns korntegundar í formi blandna úr ýmsum afbrigðum sáðkorns, að því tilskildu að fræðileg eða tæknileg þekking hafi leitt í ljós að þessar blöndur séu sérstaklega vel til þess fallnar að halda ákveðnum skaðlegum lífverum í skefjum og einnig að því tilskildu að fyrir blöndun samræmist þættir blöndunnar reglum um markaðssetningu þeirra.“

3. Í 13. gr. verði 1. mgr. að 2. mgr. og 2. mgr. verði 3. mgr.

4. Við b-lið A. hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi tölu-liður:

„8. „Má einungis setja á markað í“(hlutaðeigandi aðildarríki).“

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun ráðsins 70/457/EBE frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 78/55/EBE ⁽⁵⁾:

1. Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Stofn telst vera aðgreinanlegur, hvort sem upprunalegi stofninn sem hann er af er tilbúinn eða náttúrulegur, ef eitt eða fleiri einkenni greina hann merkjanlega frá öllum öðrum stofnum sem þekktir eru í bandalaginu.

Það verður að vera unnt að bera nákvæm kennsl á og skilgreina einkenni stofns.

Stofn sem þekktur er í bandalaginu er hver sá stofn sem, á þeim tíma sem sótt er um samþykki:

— er annaðhvort skráður í sameiginlegu skránni um stofna nytjajurta í landbúnaði eða sameiginlegu skránni um matjurtategundir,

— eða, án þess að vera skráður í annarri hvorri skránni, hefur verið samþykktur eða lagður fram til samþykkis í hlutaðeigandi aðildarríki eða í öðru aðildarríki, annaðhvort til vottfestingar eða markaðssetningar eða vottfestingar með tilliti til annarra landa.

nema framangreind skilyrði hafi ekki lengur verið uppfyllt í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum áður en ákvörðun var tekin um umsókn um samþykki fyrir stofninum sem skal metinn.“

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 16, 20. 1. 1978, bls. 23.

2. Við 1. mgr. 7. gr. bætist eftirfarandi:

„Til að sannreyna að stofn sé aðgreinanlegur skal að minnsta kosti nota tiltæka sambærilega stofna við ræktunartilraunirnar sem þekktir eru í bandalaginu í skilningi 1. mgr. 5. gr. Nota skal aðra tiltæka stofna í því skyni að beita ákvæðum 9. gr.“

3. Í stað 3. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„3. Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum skulu aðildarríkin einnig sjá til þess að stofn sem er ekki merkjanlega aðgreinanlegur:

— frá stofni sem hefur áður verið samþykktur í hlutaðeigandi aðildarríki eða í öðru aðildarríki eða

— frá öðrum stofni sem hefur verið metinn með tilliti til aðgreinanleika, stöðugleika og einsleitni í samræmi við reglur sem svara til reglnanna í þessari tilskipun, án þess þó að vera stofn sem þekktur er í bandalaginu í skilningi 1. mgr. 5. gr.,

beri heiti þess stofns. Þetta ákvæði gildir ekki ef hætt er við að heitið valdi misskilningi eða ruglingi að því er varðar stofninn eða, í samræmi við öll ákvæði aðildarríkjanna um heiti stofna, aðrar ástæður koma í veg fyrir notkun heitisins eða réttur þriðja aðila kemur í veg fyrir frjálsa notkun þess í sambandi við umræddan stofn.“

4. Í 9. gr. verði 3. mgr. að 4. mgr.

5. Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Tilkynna skal öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þegar í stað um allar umsóknir eða afturköllun umsókna um samþykki fyrir stofni, allar færslur í skrár yfir stofna og breytingar á þeim.“

6. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 12. gr.:

„12. gr. a

1. Aðildarríkin skulu tryggja að tekinn verði af allur vafi sem kann að koma upp eftir að stofn hefur verið samþykktur og varðar mat á aðgreinanleika hans eða heiti á þeim tíma sem hann var samþykktur.

2. Komi í ljós, eftir að stofn hefur verið samþykktur, að skilyrðið um aðgreinanleika í skilningi 5. gr. var ekki uppfyllt á þeim tíma sem stofninn var samþykktur skal önnur ákvörðun koma í stað samþykkisins eða það afturkallað, eftir því sem við á, í samræmi við þessa tilskipun.

Með þessari nýju ákvörðun skal stofninn, frá þeim degi að telja sem hann var fyrst samþykktur, ekki lengur teljast stofn sem þekktur er í bandalaginu í skilningi 1. mgr. 5. gr.

3. Þegar í ljós kemur, eftir að stofn hefur verið samþykktur, að heiti hans í skilningi 9. gr. var ekki ásættanlegt þegar hann var samþykktur skal heitið lagfært til samræmis við þessa tilskipun. Aðildarríkin mega heimila notkun fyrra heitisins um tíma sem viðbótarheiti. Heimilt er að setja nákvæmar reglur um hvenær megi nota fyrra heitið sem viðbótarheiti, í samræmi við málsmeðferð 23. gr.“

7. Við 2. mgr. 15. gr. bætist eftirfarandi:

„Aðeins skal taka til greina umsóknir sem lagðar eru fram fjórum mánuðum fyrir lok framangreinds frests.“

8. Við 5. mgr. 15. gr. bætist eftirfarandi:

„Þegar um er að ræða *Beta vulgaris* L. og *Solanum tuberosum* L. telst þetta skilyrði uppfyllt 31. desember hvert ár fyrir stofna sem tilkynntir eru í síðasta lagi fjórum mánuðum fyrir þennan tíma, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 10. gr., nema aðildarríki tilkynni framkvæmdastjórninni eða gefi fastanefndinni um fræ og fjölgunarefni yfirlýsingu á þá leið að það hafi í hyggju að leggja fram umsókn samkvæmt 2. mgr. Ráðið skal, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, taka ákvörðun um það hvort þessi ákvæði skuli einnig taka til annarra tegunda.“

9. Í 2. mgr. 21. gr., breytist dagsetningin „30. júní 1977“ í „30. júní 1978“.

4. gr.

Í 2. mgr. 32. gr. tilskipunar ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/641/EBE, breytist dagsetningin „30. júní 1977“ í „30. júní 1978“.

5. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að:

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

— ákvæðum 1. og 2. gr. frá 1. janúar 1980,

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

— ákvæðum 9. mgr. 3 gr. frá 1. júlí 1977,

Gjört í Brussel 24. júlí 1979.

— og öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar 1. júlí 1982.

Fyrir hönd ráðsins,

J. GIBBONS

forseti.
